

106
30. maí

AUGLÝSING

um bann gegn fýlungatekju og hagnýtingu fýlunga.

Með tilvísun til laga nr. 70 7. maí 1940, um varnir gegn fýlasótt, er hér með bönnuð með öllu fýlungatekja á Íslandi, svo og hvers konar hagnýting fýlunga. Hins vegar er heimiluð veiði fullorðins fýls (vetrarfýls) og hagnýting hans, svo og fýlseggjatekja.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 30. maí 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

107
6. júní

REGLUGERÐ

fyrir sparisjóð Þingeyrarhrepps á Þingeyri.

I. Ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Þingeyrarhrepps. Ábyrgðarmenn sjóðsins mega fæstir vera 20, og skulu þeir allir vera búsettir í Þingeyrarhreppi.

2. gr.

Sérhver ábyrgðarmaður skuldbindur sig skriflega til að ábyrgjast skil af hendi sjóðsins með allt að 100 króna framlagi, ef sjóðinn brestur.

3. gr.

Fækki ábyrgðarmönnum af gildum orsökum, svo sem við andlát eða burtflutning, svo að færri verða en 20, ber þeim, sem eftir eru, í samráði við stjórnarnefndarmenn sjóðsins, að útvega nýja ábyrgðarmenn og taka þeir á sig skyldur samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Eru tveir þeirra kosnir á aðalfundi af ábyrgðarmönnum. Hlutfallskosningu má viðhafa, ef ósk kemur fram um það á fundinum. Þriðji maðurinn er árlega kosinn af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu. Skipta þeir með sér störfum þannig, að einn er formaður, annar féhirðir og hinn þriðji bókarir eða meðstjórnandi. — Starfslaun til þeirra ákveða ábyrgðarmenn sjóðsins.

5. gr.

Ábyrgðarmenn og sjóðstjórn halda árlega aðalfund á Þingeyri, á tímabilinu 1. til 31. marz. Boðar stjórnin til hans með minnst þriggja daga fyrirvara. Aukafundir skulu haldnir þá er formanni þykir þurfa eða helmingur ábyrgðarmanna óskar.

Á aðalfundi skal endurskoðaður reikningur síðasta árs lagður fram og fari fram atkvæðagreiðsla um hann. Stjórnin gefur og yfirlit yfir hag sjóðsins, og gera fundarmenn þar ákvarðanir allar, er ástand sjóðsins og fyrirkomulag útheimtir.